

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. mars 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti $63^{\circ}33'7''$ N, $23^{\circ}03'0''$ V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt $64^{\circ}04'9''$ N, $23^{\circ}45'0''$ V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi út punkti $63^{\circ}33'7''$ N, $23^{\circ}03'0''$ V.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvíta í punkt $63^{\circ}58'3''$ N, $23^{\circ}40'5''$ V og þaðan í eftirgreinda punkta:

A. $64^{\circ}04'9''$ N, $23^{\circ}45'0''$ V

B. $64^{\circ}04'9''$ N, $23^{\circ}42'0''$ V

C. $64^{\circ}20'0''$ N, $23^{\circ}42'0''$ V og þaðan í 90° réttvísandi.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 20. mars til og með 15. maí 1982, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu, bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

A. $63^{\circ}10'0''$ N, $22^{\circ}00'0''$ V

B. $63^{\circ}25'3''$ N, $22^{\circ}00'0''$ V

C. $63^{\circ}33'7''$ N, $23^{\circ}03'0''$ V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 10. febrúar 1982, fellur úr gildi reglugerð nr. 599 20. október 1981, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. janúar 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.